

Hannes með
hlaðið Battery



Hjálparljós
sem virkar



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Lífið > 16

Lífið > 18

FRÉTTABLAÐIÐ

110. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚNÍ 2022

Miðjubandalag sem gæti breytt pólítísku landslagi

Nýr meirihluti í Reykjavík var kynntur í gær með samstarfsáttmála upp á 34 blaðsíður. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir forvitnilegt að sjá Pírata vinna með Framsóknarflokknum og öfugt, enda hafi verið spenna þeirra á milli í þinginu.

benediktboas@frettabladid.is

BORGARMÁL Nýr meirihluti Framsóknar, Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar í Reykjavík var kynntur í gær með samstarfsáttmála upp á 34 blaðsíður. Samningurinn er ítarlegur og ljóst að allir flokkar í meirihlutasamstarfinu hafa fengið að koma sínum málum að.

Það hefur andað köldu milli Pírata og Framsóknarflokksins á Alþingi. En nú fá flokkarnir að vinna saman sem Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir að sé mjög spennandi.

„Það er mjög áhugavert við það að þessir flokkar séu að fara saman í meirihluta því það hefur virst spenna á milli þeirra í þinginu. Þannig ef samstarf þeirra í sveitarstjórnnum gengur vel gæti það haft áhrif á andrúmsloftið í þinginu líka,“ segir Ólafur.

Hann bendir á að gangi samstarf þeirra vel geti það vel breytt hinu pólítísku landslagi. „Það gæti gert það. Ef skaplegt er á milli þeirra þá gæti það aukið líkurnar á að í landsstjórninni hugleiði fólk af alvöru þann möguleika að mynda fjögurra eða fimm flokka miðvinstri stjórn.“

Samstarfsáttmálurinn er 34 síður og er nokkuð ítarlegur. Það á að ráðast í húsnæðisáttak og úthluta lóðum í Úlfarsárdal, á Kjalarnesi, á Hlíðarenda, í Gufunesi og á Ártúns höfða.

Hefja gerð umhverfismats vegna Sundabrautar og koma að gerð húsnæðisáttmála ríkis og sveitarfélaga, svo fátt eitt sé nefnt. Engin orð eru um nýjan þjóðarvöll þótt minnst sé á nýja þjóðarhöll.

Úr samstarfsáttmálanum

- Hefja átak í betri svefni barna og skoða breytingar á upphafi skóladags.
- Setja á fót skaðaminnkandi úrræði fyrir unga karlmenn.
- Stofna framkvæmdanefnd um þjóðarhöll og aðstöðu fyrir börn og unglíngi í Laugardal í samvinnu við ríkið.
- Hafa ókeypis í Strætó og sund fyrir börn á grunnskólaaldri.
- Brúa bil milli fæðingarorlofs og leikskóla með fjölbreyttum aðferðum. Við ætlum að innleiða systkinaforfang og stafræna innritun á leikskólum.
- Bæta starfsumhverfi í leikskólum, grunnskólum og frístund og vinna gegn manneklu. Við ætlum að setja viðhaldsáttak í leik-, grunn- og frístundahúsnæði borgarinnar í forfang og flýta verkum eins og kostur er.



Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði

„Þetta er ítarlegur samningur og komið inn á mörg mál. Það virðist að allir flokkar hafi komið heilmiklu af sínum málum inn í sáttmálann. Þetta er tiltölulega langur sáttmáli. Það getur verið skynsamlegt að gera slíkt áður en haldið er í samstarf með flest áhersluatriði á kjörtímabilinu,“ segir Ólafur. Hann bendir þó á að slíkt sé þekkt meðal ríkisstjórna. Þar hafi slíkir sáttmálar verið að lengjast.

„Sá nýjasti sem var gerður var sá lengsti í sögunni,“ segir Ólafur. ■



Nýr meirihluti í Reykjavík var kynntur til leiks fyrir utan stöðvarstjórahúsið í Elliðárdal í gær. Foringjar flokkanna fjögurra kynntu samstarfsáttmálann. Dagur B. Eggertsson verður áfram borgarstjóri næstu 18 mánuðina þangað til Einar Þorsteinsson tekur við. Hann fer í fæðingarorlof áður en hann tekur við lykklunum að borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Alrafmagnaður Škoda Enyaq iV

412 til 534 km drægni (WLTP). Fæst einnig fjórhjóladrifinn!

Verð frá **5.990.000 kr.**

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/skodasalur



ŠKODA





Boris Johnson forsætisráðherra Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vantrauststillaga gegn Boris felld

mhj@frettabladid.is

BRETLAND Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, stóð af sér vantrauststillögu meðal þingmanna íhaldsflokksins á breska þinginu í gærkvöldi. Johnson verður því áfram forsætisráðherra Bretlands.

Alls sögðust 211 þingmenn íhaldsflokksins styðja Boris í starfi en 148 þingmenn kusu gegn honum.

Einfaldan meirihluta þurfti til að fella Johnson, eða 180 þingmenn, og vantaði því 32 atkvæði upp á að honum yrði víkið úr starfi. Í samtali við BBC í gær sagði David Gauke, fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Boris Johnson, að ef fleiri en 100 þingmenn flokksins myndu samþykkja vantrauststillöguna myndi Boris eiga erfitt uppdráttar.

Gauke vísaði til vantrauststillögunnar á hendur Theresu May, forvera Johnsons í starfi, árið 2018 sem hún stóð af sér. Þá kusu 133 þingmenn með tillögunni en May sagði af sér hálfu ári síðar. ■

Jafntefli við Albaníu



Ísland gerði 1-1 jafntefli við Albaníu í Þjóðadeild Evrópu í gær. Jón Dagur Þorsteinsson skoraði mark Íslands en liðið átti nokkra góða spilafla og sköpuðu sér nokkur ákjósanleg færi. Albanir skoruðu fyrsta markið eftir klaufagang í markteig Íslands. Taulant Seferi skoraði framhá Rúnari Alex Rúnarsyni markverði sem hefði getað gert betur. Ísland leikur næst vináttuleik gegn San Marínó og fær svo Ísrael í heimsókn þann 13. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verð frá: 3.090.000 kr.

ENGIFER

Nýr Toyota
AYGO X

Njóttu ævintýrana.
Reynsluaktu glænýjum **Aygo X**.

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingunni á byrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Verð frá: 3.090.000 kr.

BLÁBER

NÝR TOYOTA
AYGO X

Njóttu ævintýrana.
Reynsluaktu glænýjum **Aygo X**.

TOYOTA TRYGGINGAR
váttrygt af TM



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingunni á byrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Opna dyrnar að leiksvæði fyrir þá sem vilja leika sér í Elliðaárdalnum

Eitt fallegasta svæði borgarbúa hefur verið opnað upp á gátt við húsaþyrpinguna við Rafstöðvarveg. Þar eru nú leiktæki og -töl fyrir börn og fullorðna til að geta fræðst um sögu og vísindi og notið sín í lifandi leik. Kaffihús er á næsta leiti.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Elliðaárdalur er náttúruperla og við viljum vera áfangastaður þar sem fólk kemur og nýtur sín, ekki síst með börnin,“ segir Birna Bragadóttir, forstöðukona Elliðaárstöðvar, en dyrnar við eitt fallegasta svæði borgarbúa hafa verið opnaðar upp á gátt við húsaþyrpinguna við Rafstöðvarveg. Meirihlutinn í Reykjavík var einmitt kynntur í gær við stöðvarstjórahúsið.

Verkefnið er á vegum Orkuveitu Reykjavíkur og er markmiðið að börn og fullorðnir geti komið og fræðst um sögu og vísindi og notið sín í lifandi leik. Birna segir að næsta skref sé einmitt að auglýsa eftir rekstraráðila til þess að sjá um kaffihúsið í dalnum.

Svæðið er langt á veg komið þótt enn eigi eftir að klára nokkur smáatriði. Þegar Fréttablaðið slóst í för með Birnu um svæðið voru hópar barna úr leik- og grunnskóla að fræðast í gegnum lifandi leik.

„Hér verður allt stútfullt af börnum og vonandi foreldrum þeirra um helgar. Hér er alltaf gott veður enda Elliðaárdalurinn frábær áfangastaður fyrir alla þá sem elska að vera úti í náttúrunni. Hér



hefur verið stunduð hestamennska, skíði og veiði frá örófi alda. Göngu-, hlaupa- og hjólaþing nýtir dalinn mjög vel og það verður gaman að geta þjónustað þann stóra hóp enn betur. Það hefur svolítið vantað áfangastað hér þar sem fólk getur hist og fengið sér kaffi, bjór eða léttvín og notið sín.“

Birna segir að flóra fólks sem nýtir Elliðaárdalinn sé allt frá nokkurra mánaða gömlum börnum upp í eldri borgara og það hafi því þurft að vanda sig við uppbyggingu svæðisins. „Það er okkar skylda að fræða fólk um auðlindina okkar, sem er mikilvægur hluti af okkar daglega lífi. Við þurfum að gera það vel og vanda okkur.“

Eitt af krúnudjásnum svæðisins, þó mörg séu, verður gufuborinn Dofri sem verið er að endurgera og laga. Dofri boraði tugi holna í

Glæsilegur öldungur

Rafstöðin í Elliðaárdal var gangsett 27. júní 1921. Þá varð bylting í lífsgæðum Reykavíkinga. Ljós kviknuðu, eldavélar hitnuðu og vélar púluðu af stórauknum krafti. Það er ekki ofsagt að þá hafi nútíminn hafið innreið sína í borgina. Gamla rafstöðin er einstök bygging og heimild um sögu

rafmagns á Íslandi. Í kringum hana byggðust upp fleiri hús. Heimili stöðvarstjórans, járnsmiða, hlaða og fjós, sem hefur verið endurgert, og leiksvæði fyrir utan húsaþyrpinguna hefur tekist vel. Það var allavega bros á hverju andliti barnanna sem voru þar þegar Fréttablaðið leit inn.

Reykjavík og lagði þannig grunninn að hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Þá fær Leikhópurinn Lotta sitt pláss. „Lottan á sérstakan sess í Elliðaárdal. Við fengum þau með okkur í lið og gerðum fyrir þau sérstakt svæði með upphækkaðri grasflöt þannig að krakkarnir sjá sýningarnar

þeirra enn betur,“ segir Birna, sem getur varla beðið eftir að svæðið verði opnað með pomp og prakt. „Það er gaman að sjá og upplifa hús sem hafði það hlutverk að framleiða og dreifa rafmagni en breytast núna í þekkingarmiðstöð fyrir alla,“ segir Birna. ■



Þórarinn með Tónskratta, Vienna Kellerbier, sem hann myndskreytti.
MYND/HARALDUR JÓNSSON

Víóluleikari Sinfóníubjór myndskreytti

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

benediktboas@frettabladid.is

ÁFENGI Þórarinn Már Baldursson, sem leikur á víólu með Sinfóníunni, myndskreytti Tónskratta, nýjan bjór sem lendir í hillum ÁTVR í dag. Bjórinn var samvinnuverkefni Borgar brugghúss og Sinfóníuhljómsveitarinnar en innan veggja hljómsveitarinnar eru margir af mestu bjórunnendum þjóðarinnar. Haukur Heiðar Leifsson hjá Borg segir að ekki hafi verið hægt að segja nei við stærstu hljómsveit landsins. „Þetta var komið á dagskrá fyrir heimsfaraldur, sem setti svo heldur betur strík í reikninginn.“

Listalífið lá niðri og það passaði ekki alveg að gera bjór með hljómsveit sem hafði enga tónleika til að spila á.

Upprunalega var ætlunin að brugga bjór fyrir Valkyrju Wagners en vírusinn var engan veginn sam-mála og tónleikar sem áttu að vera í maí 2020 var frestað,“ segir hann.

Hugmyndin lá því í dvala þar til Covid-ástandinu lauk og hægt að njóta menningar og lista á ný. Því var ákveðið að húa hópnun saman og brugga bjór sem hægt væri að tengja við tónleika Sinfóníunnar á Listahátíð í Reykjavík. ■

Starfskrafta úkraínsks flóttafólks víða óskað hér á landi

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það er verið að ráða í öll horn og fyrirtæki eru að ráða gott starfsfólk, bjóða þeim góð kjör og góðan stuðning. Það er til fyrirmyndar hvernig fyrirtæki hér hafa brugðist við,“ segir Sveinn Rúnar Sigurðsson læknir og einn af þeim sem hafa staðið í ströngu við skipulagningu starfsins er varðar úkraínskt flóttafólk.

Að sögn Sveins eru um 1.100

Úkraínubúar hér á landi og flestir eru þeir komnir í nám eða vinnu. „Það er mikið sótt í að ráða úkraínskt flóttafólk til vinnu því þau hafa verið að standa sig vel. Það vantar fólk í vinnu, allt frá hámenntuðum læknum og verkfræðingum niður í verkafólk,“ segir hann.

Um helgina var starfsemi lokað í Guðrúnartúni 8 og færast hún nú yfir í Aflagrandu. Starfsemi í Guðrúnartúni hefur gegnt undirstöðu-



Sveinn Rúnar Sigurðsson.

hlutverki við móttöku flóttafólks með mat, föt, sálægslu og tölvuútlutun svo fátt eitt sé nefnt, en daglega koma um 200 úkraínskir flóttamenn í miðstöðina, aðallega konur og börn, og fá þar ýmsa aðstoð.

Aflagrandi er stærra húsnæði að sögn Sveins og varð húsið fyrir valinu í samstarfi við borgina.

„Þetta er áður óþekkt tala aðfluttra flóttamanna, líklega 25 sinnum stærrí hópur en sá sem var stærstur áður. Það þurfti glæsilegt

viðbragð strax því innviðir voru ekki klárir fyrir en nokkrum vikum eftir að stríðið hófst,“ segir Sveinn og heldur áfram:

„Það þurfti eitthvert átak, eitthvað óvenjulegt til að brúa bilið og setja línuna. Viðbragð okkar setti pressu á innviði stjórnsýslunnar. Við vorum að vinna náð með ráðherrum nánast í beinni línu sem margir eiga hrós skilið fyrir – sérstaklega Ásmundur félagsmálaráðherra.“ ■



Magdalena Andersson, forsætisráðherra Svía. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Metnaðarmál að viðurkenna fyrst

benediktboas@frettabladid.is

NATO Það er metnaðarmál norrænu NATO-ríkanna þriggja að vera í hópi fyrstu ríkja til að staðfesta væntanlega viðbótarsamninga Finnlands og Svíþjóðar um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Þetta segir í nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Finnlands og Svíþjóðar.

Síðari umræða fer fram í dag á Alþingi.



Finnland og Svíþjóð sóttu um að gerast bandalagsríki þann 18. maí.

Í álitinu er bent á að nefndin fagni umsóknnum landanna um aðild þeirra að NATO og leggi áherslu á að aðild þeirra muni auka öryggi og stöðugleika í norðanverðri Evrópu. Þá mun aðild ríkanna efla norrænt samstarf í öryggis- og varnarmálum.

Leggur nefndin áherslu á að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að aðildarferli ríkanna gangi eins hratt fyrir sig og mögulegt er. ■

Mikil og viðvarandi vöntun á geðlæknum hér á landi næstu árin

Formaður Geðlæknafélags Íslands segir viðvarandi skort á heilbrigðisstarfsfólki í geðheilbrigðiskerfinu skammarlegan. Allt of fáir geðhjúkrunarfræðingar og lækningar sérnámi í geðlækningum hafi útskrifast undanfarnin ár.

erlamaria@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Framhaldið er ekkert allt of bjart með fjölda geðlækna, þetta er náttúrulega lítið land og það eru oft sveiflur í þeim fjölda sem útskrifast hverju sinni. Þótt það sé mjög öflugt sérnám hér á landi mun það ekki anna þeim fjölda geðlækna sem þarf í framtíðinni að öllu óbreyttu,“ segir Karl Reynir Einarsson, formaður Geðlæknafélags Íslands og yfirlæknir geðheilsuviðs Reykjalundar.

Samkvæmt óformlegu mati Landspítala vantar geðþjónustu spítalans að minnsta kosti fimmtíu stöðugildi hjúkrunarfræðinga, tíu sérmenntaða geðhjúkrunarfræðinga og tíu geðlækna ásamt fleira fagfólki. Enginn geðlæknir hefur útskrifast hér á landi frá árinu 2018, en nokkrir lækningar eru þó í sérnámi í geðlækningum. Ekki hefur verið boðið upp á reglulegt meistaranám í geðhjúkrun um árabil, en í haust fer þó af stað ný námsleið á vegum Háskóla Íslands. Því eru nokkur ár í útskrift fyrstu geðhjúkrunarfræðinga þáðan.

Eins og stendur eru engir samningar milli sjálfstætt starfandi geðlækna og Sjúkratrygginga Íslands og segir Karl það skapa ákveðna óvissu. „Það er vodafone erfitt að skipuleggja starf sitt til framtíðar þegar það eru engir samningar og mjög óljóst hver stefnan er þar. Sérgreinalæknar hafa fyllt upp í götin í



Enginn geðlæknir hefur útskrifast hér á landi frá árinu 2018, en nokkrir lækningar eru þó í sérnámi í geðlækningum. Ekki hefur verið boðið upp á reglulegt meistaranám í geðhjúkrun um árabil.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Sumir geðlækningar hafa kosið að vinna langt fram yfir hefðbundinn starfsaldur, jafnvel fram yfir áttætt. Það er bara nóg að gera og erfitt að hætta



Karl Reynir Einarsson, formaður Geðlæknafélags Íslands

kerfinu því þeir hafa ekki skilgreint neina hópa frá sér, eins og sums staðar þar sem við búum til teymi og sinnum mjög afmörkuðum hópum,“ segir Karl.

Ákveðnir hópar hafi þó oft og tíðum orðið út undan í kerfinu. „Sérstaklega einhverfir. Þjónustan við einhverfa með geðraskanir er skammarleg á Íslandi og fyrir neðan allar hellur,“ segir Karl.

Staðan sé því grafalvarleg, bæði fyrir starfandi geðlækna og sjúklingana sem biða. Dæmi séu um það að geðlækningar vinni lengur en eftirlaunaaldur segir til um. „Sumir geðlækningar hafa kosið að vinna langt fram yfir hefðbundinn starfsaldur, jafnvel fram yfir áttætt. Það er bara nóg að gera og erfitt að hætta,“ segir Karl og bætir við „og þegar þeir og fleiri sem komnir eru á aldur stefna á

eftirlaun mun ákveðin snjóhengja af málum falla á kerfið. Þá er eins gott að það sé einhver til að taka við því,“ segir Karl.

Karl segist þó skynja viðhorfsbreytingu innan heilbrigðiskerfisins með tilkomu nýs heilbrigðisráðherra. Betri tímar séu fram undan í þessum málaflokki. „Ég held það liggja alveg fyrir að það var enginn sérstakur velvilji hjá fyrrverandi heilbrigðisráðherra gagnvart einkarekinni heilbrigðisþjónustu. En nú þegar nýr heilbrigðisráðherra er tekinn við bindur maður vonir við að það séu ný viðhorf uppi gagnvart einkarekinni heilbrigðisþjónustu, vegna þess að ég trú þvi að hún sé mjög hagkvæm og góð þar sem við á. Ég hef mikla trú á því að Willum eigi eftir að gera gangskör í þessum málum,“ segir Karl. ■

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÓÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR



Jeep

4XE
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS




NÝR AiWAYS U5!


AiWAYS U5 ER 100% RAFKNÚINN
LÚXUS JEPPLINGUR Á FRÁBÆRU VERÐI,
FRÁ KR. 5.190.000



AiWAYS U5 er 100% rafknúinn lúxus jepplingur sem er ríkulega búinn, lipur og einstaklega skemmtilegur í akstri.

Sérlega glæsileg innrétting og Innrými er með því besta í sínum flokki og gera AiWAYS U5 fullkominn fararskjót inn í framtíðina. AiWAYS U5 er að stærstum hluta þýsk hönnun

Akstursdrægnin er 410 km á fullri hleðslu (400 km í Premium útfærslu) 

Hröðun 3,1 sek. 0-50km/klst. Afkastageta: 150 kW (204 hð) 



SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR
NÝJAN 100% RAFKNÚINN AiWAYS U5.

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

Bjargaði slasaðri uglu

benediktarnar@frettabladid.is

DÝRALÍF Gísli Guðmundsson, rakari og áhugaljósmyndari, bjargaði nýverið uglu sem hafði vængbrotnað í Hvalfirðinum.

„Það var bóndi hérna á Hvalfjarðarströnd sem hafði samband við mig og sagðist hafa séð uglu niður á túni. Ég bruna beint eftir vinnu og sé ugluna þegar ég er kominn á túnið og byrja að taka myndir af henni, en hún flýgur ekki neitt,“ sagði Gísli, en hann áttaði sig á því að uglan væri vængbrotin.

„Ég tek hana í fangið og klappa henni og svona, svo hugsa ég með mér hvort hún sé með unga hérna einhvers staðar. Þá lét ég hana frá mér aftur,“ sagði Gísli, en hann gerði sér ferð aftur daginn eftir til að gefa uglunni að borða.

„Ég fór með gúllaskjöt og hún borðaði vel af því. Svo lét ég hana fara aftur því ég vissi ekki hvað ég ætti að gera. Ég var búinn að setja mig í samband við fólk, margir sögðu mér að þetta væri bara búið fyrir hana en ég var ekki tilbúinn að sætta mig við það,“ sagði Gísli, en þá



Gísli og uglan sem hann bjargaði.

hafði hann samband við Húsdýragarðinn sem vildi ólm fá ugluna.

„Eins og staðan er núna mun hún líklega ekki fljúga aftur, en hún er allavega í betri málum í Húsdýragarðinum en úti í móa,“ sagði Gísli. ■

Nánar á [frettabladid.is](#)



Gæsastofnar eru að lenda illa í fuglaflensunni og veiran hefur borist í aðrar tegundir líka.

MYND/SINDRI SKÚLASON

Játning liggur ekki fyrir

benediktarnar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á tvítugsaldri situr nú í gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna til 1. júlí næstkomandi vegna manndráps í Barðavogi á laugardag.

Grunur leikur á að maðurinn sem fannst látinn hafi látist af völdum barsmíða og að barefli hafi verið notað. Greint hefur verið frá því að lögreglan hafi verið kölluð út að minnsta kosti tvívegis vegna mannsins sólarhringinn áður en hann á að hafa ráðist á nágranna sinn og orðið honum að bana.

Heimildir Fréttablaðsins herma að maðurinn hafi verið ógnandi bæði við dýr og menn. Hann hafi meðal annars sparkað í gæludýr.



Lögreglan var kölluð til tvisvar að Barðavogi skömmu fyrir harmleikinn.

Margeir Sveinsson, aðstoðaryfir-lögregluþjónn hjá miðlægri rannsóknardeild, svaraði ekki fyrirspurn Fréttablaðsins varðandi málið, en í samtali við Vísi sagði hann að lögregla væri að vinna úr þeim gögnum sem þeir hafa verið að sækja.

Lögregla getur ekki sagt til um hvort játning liggi fyrir eða hvort morðvopn hafi fundist. ■

Hjóladaðagar

30% afsláttur af racerum
20% afsláttur af hybrid hjólum

Evrópuverð



HEAD X-Rubi Cross 28"

Verð áður: 97.995,-

Verð nú: 78.396,-

Vökva-diskabremsur
30 girar

*Gildir til 5.júní

HEAD

STEVENS

Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | [everest.is](#) | [everest@everest.is](#)

Farfuglar drepast áður en þeir komast til Íslands

Gæsir drepast unnvörpum í Skotlandi úr fuglaflensu áður en þær ná að fljúga til varpstöðvanna á Íslandi. Fuglafræðingur hefur þegar misst merktan fugl á Írlandi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRALÍF Ekkert lát virðist vera á fuglaflensunni og margir farfuglar sem ættu að vera komnir eða á leiðinni til landsins liggja dauðir á erlendri grundu. Í Skotlandi liggja hræin eins og hráviði úti um allt, gæsir og margar aðrar tegundir fugla.

Á verndarsvæðinu Loch Fleet við austurströnd Skotlands fann ljósmyndari að nafni Peter Stronach 72 hræ af 17 tegundum fugla á einum degi. Þar á meðal 26 heiðagæsir sem ættu að vera komnar á varpstöðvarnar á Íslandi. Breska blaðið The Guardian greinir frá þessu. Dagana á eftir fann Stronach marga aðra dauða fugla, sem augljóslega höfðu drepist vegna sjúkdóms, og ekkert annað kemur til greina en fuglaflensan.

Tók Stronach eftir því að fleiri og fleiri tegundir fugla eru að drepast. Í vor hafi flensan aðallega verið



Skúmurinn er hrææta og getur komist í sýkt hræ



Arnór Þ. Sigfússon, fuglafræðingur

bundin við gæsategundir. Síðan hafi meðal annars hænsnfuglar, rjúpur og sjófuglar farið að drepast líka.

Það sama á við annars staðar í Skotlandi. Á Fögru eyju við Hjaltland fundust nýlega margir dauðir skúmar og sömu sögu er að segja af Orkneyjum. Skúmastofninn hefur áður lent illa í fuglaflensufaröldrum í Skotlandi þar sem um 60 prósent

af skúmum heimsins lifa. Vísindamenn telja það einstaklega slæmt að faraldurinn geisi í stofnunum á þessum tíma, þegar varptíminn er kominn á fullt skrið.

Arnór Þ. Sigfússon, fuglafræðingur hjá Verkis, hefur tekið eftir fuglaflensunni í sínum störfum, en hann er með fjölmarga fótmerkta fugla og á rúmlega 20 grágæsir og 5 helsingja hefur hann sett GPS senditæki til að fylgjast með ferðum þeirra.

Í vetur missti hann eina gæs með senditæki úr fuglaflensu á Írlandi. „Hún fannst með einni ómerktri og báðar greindar með fuglaflensu,“ segir Arnór. „Svo hvarf annar fugl með senditæki á sér, sem er möguleiki að hafi verið með flensuna líka.“

Arnór fór út í Skúmey á Jökulsárlóni fyrir viku síðan, þar sem stærsta helsingjavarp landsins er. Segir hann útlit fyrir að helsingarnir séu að sleppa, því þar voru engin ummerki um fjöldadauða þó að varpið sé þétt.

Hins vegar fann Arnór dauðan skúm, sem liggur nú í frysti og verður sendur til greiningar hjá Matvælastofnun. „Skúmurinn er hrææta og getur komist í sýkt hræ,“ segir Arnór. ■

Myrtu fimmtíu kirkjugesti í Nígeríu

benediktarnar@frettabladid.is

NÍGERÍA Að minnsta kosti fimmtíu manns létust í skotárás í kaþólski kirkju í Vestur-Afríkurlöndum Nígeríu á sunnudag.

Árásarmennirnir komu keyrandi á mótorgjólum og hófu skothrjú á mannfjöldann sem var samankominn í kirkjunni á hvítasunnudag í St. Francis Catholic Church í borginni Owo.

Fjöldi látinna hefur ekki verið staðfestur af yfirvöldum í landinu, en Adegebe Timelevin, fulltrúi Owo-héraðs á nígíríska þinginu, segir að það hafi minnst fimmtíu látist í árásinni.

Ríkisstjóri Ondo-fylkis í Nígeríu, Arakunrin Akaredolu, hvatti fólk til þess að halda ró sinni og leyfa lögreglu yfirvöldum að vinna að rannsókn málsins. Það er enn óljóst hver stóð að baki árásinni.

Slíkar skotárásir eru almennt ekki þekktar í þessum hluta Nígeríu. Árásir mótorgjólagera eru



Harmleikurinn kostaði hið minnsta fimmtíu mannlíf. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Fjöldi látinna hefur ekki verið staðfestur af yfirvöldum.

algengari í norðurhluta landsins, en þar hafa hryðjuverkamenn Boko Haram farið milli þorpa og myrt þorpsbúa.

Þetta er annar kirkjuharmleikurinn með stuttu millibili í Nígeríu, en 31 maður létust í troðningi á kirkjumarkaði í borginni Port Harcourt í suðurhluta landsins. ■

BÆTIEFNA BOX NÚMER EITT



**HVAÐA BOX
TIKKAR ÞÚ Í?**

**TAKTU BÆTIEFNAPRÓFIÐ
Á NUMEREITT.IS**

**30
BÆTIEFNA
SKAMMTAR**
EINN POKI Á DAG

Samsetning bætiefnanna í boxunum er sett saman með samvirkni í huga, úthugsuð út frá rannsóknum og alda gamalli þekkingu á jurtum og virkni þeirra.

- Þróað af jurtalæknum
- Vítamínin og steinefnið eru unnin beint úr fæðunni (food state)
- Heildarlausn í einu boxi
- Umhverfisvænar umbúðir
- Einfaldar bætiefnainntökuna

FJÁRFESTU Í HEILSUNNI



Teljum niður í miðbænum



Elin Hirst
elinhirst@frettabladid.is

Árið 2022 er ekki hálfnað, en samt liður óðum að því að við séum búin að nýta allar þær auðlindir sem jörðin getur skaffað á einu ári. Þær eru ríkulegar, en samt verður við búin með ársskammtinn 28. júlí næstkomandi. Það eyðist sem af tekið. Auðlindir jarðar eru ekki endalausar. Þar sem neyslustig og losun er mest í heiminum, eins og t.d. í Sviss, var ársskammturinn búinn 13. maí síðastliðinn. Ekki er ólíklegt að Ísland sé á svipuðum stað og Sviss hvað varðar notkun á gæðum jarðar.

Bandaríkjamenn og fleiri þjóðir hafa bryddað upp á því nýmæli að setja upp loftslagsklukkur á áberandi stöðum, eins og t.d. á Times Square í New York-borg. Þannig getur almenningur séð með berum augum í rauntíma dag frá degi hvernig við siglum hraðbyri inn í afar hættulegt ástand.

Til þess að leysa loftslagsvandann þurfa allir að standa saman, vera virkir í að draga úr losun, leita nýrra lausna og vera upplýstir um þróun mála. Setja ætti upp loftslagsklukkur um allan heim svo fólk geti fylgst með þróuninni í rauntíma, því klukkan tifar svo sannarlega. Ísland ætti að sjálfsgöðu að setja upp slíkar loftslagsklukkur, helst í miðbæ Reykjavíkur og á fleiri stöðum, þar sem fólk er reglulega minnt á stöðu mála. Sumir hafa kallað þetta dómsdagsklukkur, sem er af og frá. Mannkynið getur leyst vandann, það þarf bara allar hendur á dekk, núna.

Árið 2021 voru slegin að minnsta kosti fjögur met loftslaginu í óhag af mannavöldum samkvæmt WMO, alþjóðaveðurstofnuninni. Útblástur á CO₂ hefur aldrei verið meiri í veraldarsögunni. Sjávarborð hefur aldrei hækkað eins mikið. Súrnun sjávar hefur ekki mælst meiri. Hitamet voru slegin í Evrópu og Kanada. En skýrslan vakti litla athygli í fjölmiðlum.

Loftslagsváin og sú alvarlega þróun sem þar er í gangi hefur á undanförunum misserum fallið í skuggann af Covid-19 og innrás Rússa í Úkraínu. Þetta er slæmt. Við verðum að geta tekist á við mörg vandamál í einu ef því er að skipta. Eitt vandamál eins og heimsfaraldur má ekki útiloka að við tökumst á við annað og enn alvarlegra sem er hamfarahlýnunin. En okkur bráðvantar einnig meiri upplýsingar um hvað er á seyði, bæði frá fjölmiðlum, vísindamönnum og stjórnmalamönnum. ■

”Ísland ætti að sjálfsgöðu að setja upp slíkar loftslagsklukkur, helst í miðbæ Reykjavíkur og á fleiri stöðum

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Ísland best í heimi

Alls hafa 27,5 milljarðar verið veittir í skattaávilnanir vegna vistvænna bíla á heilum áratug, samkvæmt tölum sem birtust á vef stjórnarráðsins fyrir helgi. Segir þar að Ísland sé komið meðal fremstu þjóða á heimsvísu í rafbilavæðingu. Það eru þó ekki allir rafbilaeigendur jafn hrifnir af innviðaupbyggingu sem fylgir auknum rafbilakvóta, því ef rafbilaeigendur hætta sér út fyrir höfuðborgina er fjandinn laus. Til Akureyrar frá Reykjavík er hægt að hlaða á mörgum stöðum en hleðslustöðvarnar eru allar af skornum skammti. Á háannatíma í sumar gæti því hver rafbilaeigandi verið allt að tug klukkutíma frá Reykjavík til Akureyrar því biðin eftir dæluinni getur verið löng. Meira að segja mjög löng.

Framboð og eftirspurn

Það voru fáir sem lögðu leið sína í Laugardalinn til að sjá íslenska karlalandsliðið í gær. Það kom smá neisti í miðasöluna um leið og björinn var tilkynntur. En miðinn var dýr. Fimm manna fjölskylda þurfti að punga út 20 þúsund krónum fyrir miða á sæmilegasta stað. 16 ára og yngri þurftu að borga yfir tvö þúsund krónum fyrir nærveru sína. Er það von að miðaverði verði stillt í hóf svo allir geti séð ungt og sprækt landslið sprikla. ■

Samstaða um öryggi



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra

Vestræn ríki hafa staðið þétt saman í fordæmingu á ólögmetri innrás Rússlands í Úkraínu. Pólitísk samstaða ríkir um þvingunaraðgerðir og framlög til mannúðaraðstoðar, hergagna og búnaðar. Atlantshafsbandalagið hefur jafnframt brugðist við af festu og sannað gildi sitt sem mættarstöð öryggis og varna bandalagsríkjanna.

Innrásin hefur líka orðið til þess að ríki Evrópu endurskoda fyrirkomulag öryggis- og varnarmála. Aðildarumsókn Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu er skýrasta birtingarmynd þess. Ísland fagnar ákvörðunum Finnlands og Svíþjóðar og verður allt kapp lagt á að fullgilda aðildarsamninga ríkjanna eins skjótt og þeir hafa verið undirritaðir.

Ísland gegnir um þessar mundir formennsku í Norðurhópnum, samráðsvettvangi tólf Norður-Evrópuríkja í varnar- og öryggismálum. Varnarmálaráðherrar þeirra funda hér á landi í vikunni og verður breytt staða öryggismála og viðbrögð við innrás Rússlands í Úkraínu í brennidepli. Í Norðurhópnum eru tíu aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu, ásamt Finnlandi og Svíþjóð.

Í formennskunni í Norðurhópnum, sem Ísland gegnir nú í fyrsta sinn, felst dýrmætt tækifæri til að efla inn-sýn og skilning samstarfsríkja okkar á fyrirkomulagi öryggis og varna Íslands sem endurspeglar sérstöðu okkar sem herlaust ríki. Liður í fundardagskránni er heimsókn ráðherranna á öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli þar sem þeir kynna sér varnarinnvið.

Varnarinnviðir á öryggissvæðunum eru mikilvægasta framlag Íslands til fjölþjóðasamstarfs í öryggis- og varnarmálum. Undanfarin ár hefur verið unnið að uppferlu varnarmannvirkja, -búnaðar og aðstöðu. Gistiaðstaða hefur verið bætt fyrir liðssveitir bandalags- og samstarfsríkja sem hingað koma til að sinna verkefnum á borð við loftrymisgæslu, kafbátæftirlit og æfingar. Ísland rekur einnig loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins sem hefur lykilyfðingu í að efla stöðuvitund bandalagsins á Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum.

Fundur Norðurhópsins kristallar að öll þátttökuríkin leggja af mörkum til varna okkar heimshluta og er Ísland þar engin undantekning. ■

MANIC PANIC N.Y.C.
Hárskolin fást hjá okkur

HÓKUS PÓKUS
www.hokuspokus.is
Verlun og vefverlun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Tíminn er takmörkuð auðlind!



Lilja Rafney Magnúsdóttir
varaþingmaður
VG Norðvestur-
kjördæmi

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á sjávarútvegsmálum enda kannski ekki skritið búandi á Vestfjörðum þar sem birtingarmynd af ranglæti kvótakerfisins hefur verið hvað sterkust í gegnum árin og voru þættirnir um Verbúðina að rifja ágætlega upp þá sögu.

Stórir samráðshópar

Ég fór í mikla þverpólitíska vinnu á síðasta kjörtímabili við að gera breytingar á strandveiðikerfinu ásamt ýmsum ráðstöfunum sem

gögnuðust sjávarbyggðunum og minni útgerðum og hefði gjarnan viljað að haldið yrði áfram á þeirri braut. Ég þekki vel til vinnu í stórum samráðshópum um fiskveiðistjórnarkerfið eins og þeirri sem sett var á fót árin 2009 til 2012 þar sem útkoman var fjöldi sérálita og bókana og frumvarp sem endaði í skrófunni í lok kjörtímabilsins.

Hverjir vilja engu breyta?

Það eru ekki bara stórútgerðirnar sem vilja engar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu heldur eru það líka fjármálaframtækir sem setja stólinn fyrir dyrnar með veðsetningu í auðlindinni, þetta vitum við sem höfum setið í slíkum nefndum og glímt við þessi mál á þingi. Ég hefði gjarnan viljað sjá að nýttar væru allar þær skýrslur og upplýsingar sem nú þegar liggja fyrir með aðkomu allra flokka og ótal sérfræð-

”
Því miður er það lenska í íslenskum stjórnámálum að ætla alltaf að finna upp hjólið í stað þess að skipta strax um þá hlekki í keðjunni sem ónýtir eru

inga og hafist yrði handa við að gera þær breytingar strax sem blasir við að gera þurfi.

Hefst handa á fyrirliggjandi upplýsingum

Þar má nefna t.d. að koma útgerðum undir kvótapakkið og nýta og efla

félagslega hluta kerfisins markvisst til þeirra sem því var ætlað að nýttast í upphafi, taka á endurvigtun, brottkasti og kvótabraski/að þeir borgi veiðigjöld sem leigi frá sér kvóta og koma á leigupotti ríkisins fyrir kvótalitlar útgerðir eða kvóta-lausar og skylda hluta afla á uppboð á fiskmarkaði og að innlendar fiskvinnslur hafi forgang í að bjóða í fisk sem seldur er óunninn úr landi, svo tekin séu nokkur brýn dæmi. Því miður er það lenska í íslenskum stjórnámálum að ætla alltaf að finna upp hjólið í stað þess að skipta strax um þá hlekki í keðjunni sem ónýtir eru.

Sporin hræða

Sporin hræða um útkomu úr stórum nefndum um heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu, þótt markmiðin séu göfug þá eru þau vörðuð ótal pyttum og ekki miklar líkur á

að hægt verði að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvað þarf til svo skapa megi meiri sátt um fiskveiðistjórnarkerfið til framtíðar, nema að það yrði þá minnsti samnefari sem litlu skipti eða eingöngu hækkun veiðigjalda og engin kerfisbreyting.

Tíminn til aðgerða er skammur

Tíminn er takmörkuð auðlind og brýnt er að nýta hann vel í þágu þeirra sem órétti eru beittir í ranglátu kvótakerfi sem er að festa sig enn betur í sessi eftir því sem árin líða. Tryggja þarf atvinnurétt og atvinnuöryggi íbúa sjávarbyggðanna og koma í veg fyrir enn meiri samþjöppun í greininni og auðsöfnun fárra. Tryggja þarf sameign þjóðarinnar í stjórnarskrá og að greinin skili þjóðinni sanngjarnri rentu af sameiginlegri auðlind með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. ■

Félag leiðsögumanna fimmtíu ára



Friðrik Rafnsson
formaður
Leiðsagnar, félags
leiðsögumanna

Félag leiðsögumanna fagnaði fimmtíu ára afmæli í gær. Það var stofnað 6. júní 1972 á Hótel Loftleidum þegar hátt í þrjátíu manns, karlar og konur, sem höfðu unnið við að leiðsegja erlendum ferðamönnum um landið, komu saman og stofnuðu með sér félag. Tilgangur félagsins var að efla samstöðu meðal leiðsögumanna og vinna að bættum kjörum, menntun og fagmennsku. Bjarni Bjarnason kennari var kosinn fyrsti formaður félagsins og hann lagði ásamt öðrum stofnfélögum grunninn að því félagi sem

nú er starfandi, Leiðsögn, félag leiðsögumanna.

Fagmennskan í fyrirrúmi

Leiðsögn, félag leiðsögumanna er í senn fag- og stéttarfélag. Meðlimir þess eru langflestir faglærðir leiðsögumenn og bera sérstakan skjöld því til sönnunar. Það er nokkurs konar gæðastimpill, tákn um að þarna sé á ferðinni fagmaður, sem farþegar, ferðaþjónustufyrirtæki og aðrir samstarfsaðilar geta treyst. En hann er líka ákveðið aðhald fyrir okkur faglærða leiðsögumenn sem verðum þá stöðugt að sýna að við séum traustsins verð.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að hleypa einnig ófaglærðum leiðsögumönnum inn í félagið að uppfylltum tilteknum skilyrðum og þeir jafnframt hvattir að afla sér fullrar menntunar á sviði leiðsagnar. Nú er unnið að því að efla enn menntun leiðsögumanna í samstarfi við

skólakerfið og yfirvöld, meðal annars með svokölluðu raunfærnimati. Tryggja þannig að gæðin og fagmennskan verði höfð að leiðarljósi en í því felst að okkar mati ákveðin neytenda- og náttúruvernd. Þar með ættu öll alvöru ferðaþjónustufyrirtæki sem rekin eru af metnaði og fagmennsku að geta ráðið til starfa góða og faglegra leiðsögumenn og þjónað farþegum sínum með þeim sóma sem þeim ber.

Fjöltýngdir sérfræðingar

Eins og allir vita hefur ferðaþjónustan gerbreyst á þessum fimm áratugum, vaxið úr því að vera jaðargrein yfir hásumarið upp í það að vera einn af helstu burðarásum íslensks atvinnulífs allt árið.

Nú eru félagar í Leiðsögn hátt í átta hundruð. Flestir leiðsögumenn eru fjöltýngdir, faglærðir sérfræðingar, hafa háskólanám að baki auk bóklegs og verklegs sérnáms í

leiðsögn og bera eins og áður segir sérstakan skjöld með ártali því til sönnunar. Leiðsögumenn vinna við ýmsar tegundir leiðsagnar eða blanda þeim saman eftir þörfum og eftirspurn: almenna leiðsögn, ökuleiðsögn, gönguleiðsögn, jökla-leiðsögn o.s.frv., alls á annan tug sérsviða.

Framtíðin er björt

Leiðsögumannsstærðir er því gríðarlega fjölbreytt og skemmtilegt, ekki síst fyrir ungt fólk sem hefur gaman af því að ferðast og umgangast fólk hvaðanæva að úr heiminum. Framtíðin er björt í ferðaþjónustunni, eftirspurn eftir góðu og vel menntuðu starfsfólki er mikil, leiðsögumenn eru framlinufólkið í þeim geira og því hvet ég sem flest til að kynna sér í hverju nám og starf leiðsögumannsins er fölgð. Nánari upplýsingar má sjá á vefsíðu Leiðsagnar: <https://www.touristguide.is/>.

Nú eru ferðamennirnir aftur farnir að streyma hingað til lands og mjög mikið er að gera hjá leiðsögumönnum við að þjóna þeim úti um allt land næstu mánuðina, fræða þá um land og þjóð og sjá til þess að þeir njóti sumarfrísins til hins ýtrasta við öruggar aðstæður.

Því fögnum við leiðsögumenn fimmtíu ára afmælinu með því að sinna starfinu jafnvel enn betur en endranær, en svo verður efnt til veglegrar ráðstefnu og hátíðarsamkomu til að fagna fimmtugsafmælinu í haust.

Ég vil fyrir hönd Leiðsagnar færa því metnaðarfulla og framsýna fólki, sem stóð að stofnun félagsins á sínum tíma, bestu þakkir fyrir það merka framtak. Enn fremur þakka þeim fjölda félagsmanna sem hafa lagt á sig ómælt starf í þágu félagsins í gegnum tíðina. Hjartanlega til hamingju með daginn, kæru leiðsögumenn! ■

Siðferði og gæðastig íslenskra stjórnamála



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaup-
sýslumaður og
stjórnmalárynir

Eftir nær 30 ára dvöl erlendis, mest í Þýzkalandi, er undirritaður á margan hátt eins og gestur hér, í sínu eigin heimalandi.

Samanburður milli þess, sem þar gerist og þess, sem stjórnmalamenn og stjórnvöld hér aðhafast, kemur oft upp.

Nokkur dæmi:

Stærsta skammtímavandamálið

Verðbólgan og afleiðingar hennar eru stærsta skammtímavandamálið hér. Reyndar um alla Evrópu.

Á sama tíma og hagkerfið byggist á tugum ólíkra þátta, byggist verðhækkana- og verðbólguþróunin nú mestmegnis á aðeins tveimur þáttum:

1. Hækkunum erlendis frá, á innfluttum nauðsynja- og neyzluvarningi, ekki síst benzíni og dísilolíu, sem hafa hækkad feikilega, og lenda þessar erlendu hækkningar á landsmönnum öllum, en þó mest á þeim, sem síst skylði.

2. Mikilli hækkun húsnæðisverðs, en árlegir íbúðar kaupendur eru þó ekki nema 10-12.000, þannig, að

þessi hópur er takmarkaður hluti þjóðarinnar.

Stærsta vandamál liðandi stundar, stafar, sem sagt, af tveimur sérstökum og einangruðum orsökum.

Hvað var gert hér?

Einasta úrræði Seðlabanka var að marg- og stórhækka stýrivexti, þó að áhrifin af því leiði til hækkana á öllu verðlagi og hitti alla efnahagsþætti.

Stýrivaxtahækkun hefur verið almenn aðferð, nú mikið úrelt, alla vega ein sér, til að draga úr kaupmætti, þegar þensla hefur skapast í öllu hagkerfinu. Það gildir ekki nú.

Samtímis er vaxtahækkun tilfærsla fjármuna, frá fjármagnsþurfum og skuldurum til fjármagnseigenda; tilfærsla fjármuna frá fátækum til ríkra.

Hvar fellur það inn í þessa mynd?

Hvað hefði mátt gera?

Á umræddum tveimur vandamálaþáttum hefði átt að taka með sér-tækum aðgerðum, sem miðuðu aðeins á þessi tvö vandamál.

Verðlag á íslenskum útflutningsvörum hefur stórhækkað síðustu mánuði og ferðamannastraumurinn vex. Í krafti þessa gat Seðlabanki stýrt gengi krónunnar, hækkad það, til að mæta verðhækkunum á innfluttum vörum.

Vanda húsnæðismarkaðarinnar, verður auðvitað að leysa með aðgerðum, sem beinast eingöngu að honum og virka þar. Slíkt er nú

”
Stýrivaxtahækkun hefur verið almenn aðferð, nú mikið úrelt, alla vega ein sér, til að draga úr kaupmætti, þegar þensla hefur skapast í öllu hagkerfinu. Það gildir ekki nú

þegar komið í gang, m.a. með nýjum sveitarstjórnunum.

Framlag íslenskra stjórnmalamanna

Það vekur athygli, hversu fámálar og afskiptalausir íslenskir stjórnmalamenn hafa verið um þetta stærsta hagsmunamál þjóðarinnar.

T.a.m. eykst mánaðarleg greiðslubyrði af 30 milljónum óverðtryggðu húsnæðisláni um 60 þúsund kr. vegna nýlegra stýrivaxtahækkana. Þetta skerðir meðallaun um 10%, og nær til 50 þúsund heimila, þriðjung landsmanna.

Varðar stjórnmalamenn landsins ekkert um þetta, eða hafa þeir hér enga skoðun eða stefnu?!

Hvað gera þjóðverjar?

Þó að þjóðfélagsstærðir séu ólíkar, er verðbólgan þar og hér – nú 7,9% í Þýzkalandi – og orsakir hennar svipaðar.

Þjóðverjar hækka ekki vexti, halda þeim á 0,0% skv. stefnu Seðlabanka Evrópu. Hækkun stýrivaxta myndi gera illt verra.

Þeir setja stórfellt fjármagn og kraft í byggingaframkvæmdir, fara í öflugt átak til að tryggja jafnvægi á þeim markaði.

Þjóðverjar auka stuðning við þá verst settu, í gegnum skatta- og tryggingakerfið, til að bæta þeim verðhækkunar matvæla og nauðsynja. Þeir hækka jafnframt lægstu tímalaun úr 9,60 evrum í 12,00 evrur. 25% lögboðin launahækkun á lægstu laun.

Stórfelld hækkun á benzíni og olíu kemur inn í allan flutningskostnað, ferðakostnað og upphitun húsa, og lækkar þýzk ríkisstjórnin því skatta á eldsneyti verulega um sinn.

Skattar á benzíni lækka um 40 kr. á lítra, um 20 kr. á dísilolíu.

Jafnframt bjóða þýzk stjórnvöld mánaðarfarmaða í öll opinber samgöngutæki, strætó, sporvagna, langferðabíla, lestir (nema ICE-hraðlestir) og ferjur fyrir 9 evrur, 1.250 kr. Menn geta ferðast innan bæja og borga og um landið þvert og endilangt fyrir þetta mánaðargjald.

Þetta eru dæmi um skynsamlegar, sértækar og virkar aðgerðir.

Íslandsbankasalan tekur hug manna allan

Undirritaður er ekki mikill aðdáandi ríkisstjórnarinnar, en stórfelldar árásir á fjármálaráðherra og ríkisstjórn vegna sölu Íslandsbanka byggja að viti undirritaðs á uppblásnum sparðatíningi.

Tilgangurinn sölnunnar var, að tryggja ríkissjóði hámarksverð fyrir bankann. Það tókst. 4% afsláttur til kaupenda er vart umtalsverður. Við kaup og sölu hlutabréfa taka bankar 0,75% þóknun. Sá, sem keypti bréf með 4% afslætti og seldi svo strax aftur á fullu verði, hagnaðist um 2,5%. Á 1.000.000 kr., hefði ávinningurinn verið 25.000 kr. Varla ómaksins vert. Í millitíðinni er svo verðgildi bréfanna komið niður í afsláttarverðið.

Dýraníð látið óátalið

Rítstjóri blaðsins tíundaði að nokkru það stórfellda dýraníð, sem viðgengst á Íslandi, í leiðara 4. júní. Var það vel.

Af 63 alþingismönnum minnst ég aðeins eins, Ingu Sæland, sem reynt hefur opinberlega að rísa gegn ómannúðlegu og síðlausu dýraníði á Íslandi. Hvað með hina? Skiptir misnotkun, misþyrmingar, ofsóknir og tilgangslaus dráp saklausra og varnarlausra dýra alla þessa þingmenn engu máli?! Hvar er siðferðiskenndin?! Týnd og tröllum gefin?! ■

Merkisatburðir

- 1992** Nýr Herjólfur kemur til Vestmannaeyja.
- 1992** Eldur kemur upp í hallarkapellunni í Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn.
- 2001** Tony Blair er endurkjörinn forsætisráðherra Bretlands.
- 2006** Abu Musab al-Zarqawi, einn helsti leiðtogi Al-Kaída í Írak, lætur lífið í loftárás Bandaríkjamanna.
- 2008** Evrópumót í knattspyrnu, EM 2008, hefst í Austurriki og Sviss. Því lauk 29. júní.
- 2012** Landssamband íslenskra útvegsmanna efnir til fjöldamótmæla á Austurvelli vegna fyrirhugaðra breytinga á kvótakerfinu.

Ástarsaga Íslandskortanna

Á Minjasafninu á Akureyri er nú sýning sem rekur kortatengda ástarsögu Schulte-hjónanna.

arnartomas@frettabladid.is

Minjasafnið á Akureyri opnaði í gær sýninguna Ástarsaga Íslandskortanna þar sem má finna stórt safn landakorta frá árunum 1528–1847. Á sýningunni má finna kort frá kortagerðarmönnum víðs vegar um Evrópu sem unnu margir fyrir konunga. Þetta veglega safn korta á sýningunni er gjöf þýsku hjónanna Karl-Werner Schulte og Giselu Daxbök Schulte sem gáfu Akureyri kortin árið 2015.

„Sýningin samanstendur af kortum sem tengjast þeirra persónulegu ástarsögu, rétt eins og heitið gefur til kynna,“ segir Haraldur Þór Egilsson safnstjóri. „Þetta er í senn saga þeirra hjóna, ástríðufullrar söfnunar þeirra á kortunum og ástríðu þeirra á Íslandi.“

Karl Werner kom til Íslands sem ungur maður eftir að hafa heimsótt Skandinavíu og vann meðal annars sem ljósmyndari fyrir þýsk blöð fyrir Heimaeyjargosið. Hann kynntist Giselu þegar hann var að útskrifast úr doktorsnáminu og smitaði hana af Íslands-áhuganum.

„Hann segir henni frá ævintýrum sínum á Íslandi og þau koma til Íslands í brúðkaupsferðinni,“ útskýrir Haraldur Þór, sem segir að nýbökðu hjónin hafi endað á Akureyri eftir að hafa lent í hrakförum á hálendinu. „Þau eiga síðustu tvær næturnar á Íslandi þar sem þau mynda þessa sterku tengingu við bæinn.“

Fylltu heimilið af kortum

Karl-Werner og Gisela heimsóttu landið ótt og títt í gegnum árin en á þeim tíma þróuðu þau með áhugann á landakortunum.

„Þegar þau voru að hugsa sér að búa sér til heimili vildu þau skreyta það með einhverju fallegu og íslensku,“ segir Haraldur Þór. „Karl-Werner var frimerkjasafnari og hafði tekið eftir Íslandskorti í einhverjum frimerkjakatalóg.“

Eftir að hafa keypt eitt kort komust þau hjón á bragðið og keyptu fleiri.



Karl-Werner Schulte og Gisela Daxbök Schulte gáfu Akureyri kortin árið 2015.



Einhvern tímann fengu þau að kaupa kort með afborgunum, sem er einstaklega óþýskt en mjög íslenskt

Haraldur Þór Egilsson safnstjóri

Þetta vatt upp á sig þótt um dýrt spaug væri að ræða, enda ekki á færi ungs fólks að eltast við gömul kort á upp-bödi. „Einhvern tímann fengu þau að kaupa kort með afborgunum, sem er einstaklega óþýskt en mjög íslenskt,“ segir Haraldur Þór og hlær.

Að lokum voru hjónin orðin algjörir sérfræðingar í íslenski kortasögu og fylla heimili sitt af íslenskum landakortum. Þegar safnið var orðið stórt fóru þau að hugsa sér að það yrði synd ef safnið myndi brotna upp aftur, enda hafði verið mikið starf að koma því saman. Þau hugsuðu aftur til Akureyrar og gáfu bænum árið 2015. Gisela féll frá fyrir nokkrum árum en þau hjónin höfðu valið að hvíla í kirkjugarðinum í Lögmannshlíð á Akureyri. ■



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ólafur Friðriksson

húsasmiður
Hvassaleiti 56 Reykjavík, áður til heimilis að Esjgrund 34 Kjalarnesi,

lést á líknardeild LSH 28. maí. Útförin fer fram frá Guðriðarkirkju Grafarholts fimmtudaginn 9. júní kl. 13:00.

Oddný Snorradóttir
Sigurbjörg Ólafsdóttir **Sigurbjörg Ólafsdóttir**
Sigríður Ólafsdóttir
Sif Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Finnsson

hæstaréttarlögmaður,

lést sunnudaginn 15. maí á hjúkrunarheimilinu Sólvangi. Útför hans verður gerð frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 9. júní klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalaskóla Hringinsins.

Kristín Jónsdóttir **Ásbjörn Sigþór Snorrason**
Kristbjörg Tinna Ásbjörnsd. **Páll Kristjánsson**
Jón Ásbjörnsson
Tindur Orri Ásbjörnsson
Ylfa Hrönn Ásbjörnsdóttir
Styrmir Ási, Jón Flóki og Steinunn Jana

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Þetta gerðist: 7. júní 1954

Eisenhower setur fram dómínókenninguna

Þennan dag árið 1954 kynnti Dwight Eisenhower Bandaríkjaforseti til sögunnar dómínókenninguna svokölluðu, sem gekk út á að ef kommúnistar kæmst til valda í Indókinu, sem síðar varð Vietnam, myndu önnur ríki í Suðaustur-Asíu einnig falla þeim í skaut.

Kenningin átti eftir að verða pólstjarnan í bandarískri utanríkisstefnu næsta áratug.

Árið 1954 var ljóst að Frakkar gætu ekki endurheimt nýlendstjórn sína í Indókinu, sem þeir höfðu tapað í hendur Japana í seinni heimsstyrjöld.



Winston Churchill ásamt Dwight D. Eisenhower árið 1944. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vietnómskum þjóðernissinum hafði vaxið ásmegin undir handleiðslu Ho Chi Minh og voru á barmi þess að vinna sigur á Frökkum.

Bandaríkjamenn óttuðust afleiðingar þess ef kommúnistar kæmst til valda og til að ná hylli almennings hélt Eisenhower frægan blaðamannafund hinn 7. júní árið 1954. Þar talaði hann um dómínókenninguna í fyrsta sinn og sagði að hvert ríkið á fætur öðru í Suðaustur-Asíu myndi falla eins og dómínókubbar kommúnistum í skaut. ■



Okkar ástkæri bróðir og föðurbróðir,
Haukur Júlíus Magnússon
frá Gullbrekku,

lést á heimili sínu Hornbrekku á Ólafsfirði laugardaginn 28. maí. Hann verður jarðsunninn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. júní kl. 13:00.

Sverrir Magnússon
Jón Valur Sverrisson
Sæunn Elfa Sverrisdóttir
Svala Hrönn Sverrisdóttir
Lilja Sverrisdóttir
Kolbrún Lára Sverrisdóttir

Bergþóra Jóhannsdóttir
Brynjólfur Guðmundsson

Birgir Heiðmann Arason
Sigursveinn Guðjónsson



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Þorkelsdóttir

Dynsölum 4,

lést á heimili sínu 18. maí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju 7. júní kl. 15:00.

Magnús Bjarnason
Sigríður Magnúsdóttir
Þorkell Magnússon
Gígja Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hans-Olav Andersen
Berghildur Ásdís Stefánsdóttir
Frank Luckas

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

Fjölskylduhátíð
10.–12. júní
í Grindavík

SJÓARINN
SÍKÁTI

ÞRIÐJUDAGUR 7. júní 2022



Loftsteikingarpottur hentar vel til að elda kjúklingalæri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Létt og stökk kjúklingalæri

oddurfreyr@frettabladid.is

Það er þægilegt og fljótlegt að nota loftsteikingarpott til að fá safaríkt kjöt með stökka húð. Góð kryddblanda er svo lykillinn að því að gera réttinn gómsætan. Þessi uppskrift birtist á vefnum BBC Good Food og dugar fyrir fjóra. Undirbúningur tekur bara um tvær mínútur og eldun um 25 mínútur.

1 teskeið paprika
½ teskeið blandaðar jurtir
½ teskeið af salti
½ teskeið af möluðum svörtum pipar
½ teskeið hvítlauksduft (ekki nauðsynlegt)
4 kjúklingalæri með beini
1 teskeið ólífuolía

Blandið paprikunni, saltinu, piparunum, jurtunum og hvítlaukunum saman í skál. Dreifið yfir disk, nuddið oliunni á lærin og þekið þau svo með kryddblöndunni.

Setjið lærin í loftsteikingarpottinn og eldið þau með skinnið niður í 10 mínútur á 180 gráðum. Snúið og eldið í 10–15 mínútur í viðbót þar til lærin eru elduð í gegn og húðin stökk. Til að sjá hvort þau séu tilbúin er gott að stinga í þykkasta hluta læris með hníf og sjá hvort safinn er glær. Takið lærin strax úr pottinum svo húðin mýkist ekki. ■



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

AUKAKÍLÓIN
BURT



www.celsus.is



Íris Jensen er eigandi fjölskyldufyrirtækisins Innréttinga og tækja, sem stofnað var af ömmu hennar árið 1945.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bleikur og gylltur Hollywood-glamúr nú hæstmóðins á baðinu

Baðherbergi eru að verða æ heimilislegri, með fágúðum litatönnum og viðaráferð. Hjá Innréttingum og tækjum er litapallettan allt frá gylltu, svörtu, bleiku, grænu og kopar. **2**

„Ég er svo heppin að vera með litla gestasnyrtingu heima þar sem ég get fengið útrás fyrir hugmyndaflugið ef mig langar að breyta um stíl og liti á baðinu. Þar eru hægari heimatökin en á stærra baðherberginu og eftir að hafa sett upp stóran mosavegg hjá leikaraparinu Nínu Dögg og Gísla Erni varð ég dolfallin yfir gylltum flísum á gestabaðinu þeirra. Um leið flaug mér í hug að svíssa út grárrí og hvítri litapallettunni á gestasnyrtungunni heima fyrir gyllt og svart þema, setti þar upp svart klósett, handlaug og handklæðaofn og veggfóðraði veggina með gylltu og svörtu Amazon-páfagaukaþema frá ítalska framleiðandanum Inkiostro Bianco. Margir fá í fyrstu sjokk þegar þeir fara inn á gestasnyrtunguna, en þetta er últra flott og kom mér ekki síst á óvart hversu litla herbergið stækkaði við dekkri liti. Grátt og hvítt virkaði það mun minna, en í gylltum og svörtum lit virtist allt orðið svo vítt til veggja. Ég er svo alveg vis með að setja upp bleikt þema næst; það er að segja ef maðurinn minn leggur í það með mér,“ segir Íris Jensen glettin og skellir upp úr.

Íris hefur frá árinu 2014 rekið fjölskyldufyrirtækið Innréttingar og tæki ásamt eiginmanni sínum, Grétari Þór Grétarssyni, en fyrirtækið var stofnað af ömmu Írisar árið 1945.

„Bæði börnin okkar Grétars eru hér og foreldrar mínir með annan fótinn, svo það kemur ekki á óvart að við leggjum mikla áherslu á persónulega og góða þjónustu, og framúrskarandi vöruúrval og gæði,“ segir Íris.

Ferskir og hlýir vindar

Innréttingar og tæki er ein fremsta sérverslun landsins þegar kemur að hreinlætistækjum, innréttingum og lausnum fyrir baðherbergið.

„Undanfarnir fimm ár hafa ferskir vindar leikið um hönnun innréttinga og tækja fyrir baðherbergi. Hvít, steril baðhergi hafa vikið fyrir heimilislegri og hlýlegri baðherbergjatísku, sem samanstendur af lituðum hreinlætistækjum og innréttingum. Litum fylgir notalegt andrúmsloft, en þeir sem vilja frekar hvít hreinlætistæki og innréttingar velja nú oftast matthvítan því hann er hlýrri tónn en háglans spitalahvítur,“ upplýsir Íris.

Meðal þess sem nú skreytir baðherbergi eru litadír handklæðaofnar frá Terma. Þeir koma í 89 mismunandi formum og hægt er að velja um 192 Ral-liti, ásamt 86 sérútbúnum litum.

„Þegar sumri hallar fáum við nýja liti, bæði í handklæðaofnum og baðinnréttingum,“ greinir Íris frá. „Þar má nefna djúprænt, heit-rautt, gyllt og bronslitað. Úrvalið og hönnunin er takmarkalaust flott og skemmtilegt hvernig hægt er að hanna baðherbergi eins og hugurinn gírnist. Í raun eru margir ofnanna eins og listaverk á baðinu, en þó með notagildi. Hægt er að fá hvaða ofn sem er í draumalitnum, og nú fást líka breiðari handklæðaofnar þar sem fimm manna fjölskylda kemur handklæðum sínum hæglega fyrir. Þá erum við með mikið af rafmagns handklæðaofnum sem eru tilvaldir á landsbyggðina og í sumarhús þar sem ekki er heitt vatn til upphitunar og þá hægt að njóta yls frá rafmagns-ofni á köldum síðsumarsnöttum,“ greinir Íris frá.

Rifflað gler í skúffufrönum

Í haust koma í sölu nýjar og glæsilegar innréttingar frá pólska framleiðandanum Elita.

„Þá bætist við dökkur viður, eins



Hlýlegur, dökkur viður kemur nú sterkt inn í baðherbergistískunni, eins og hnota og eik.



Terma-handklæðaofnar fást í 89 mismunandi formum.



Hægt er að velja um 192 Ral-liti, ásamt 86 sérútbúnum litum, á handklæðaofnana frá Terma.

og hnota og eik, sem koma sterkt inn í baðherbergistískuna nú, en hlýir viðartónar tóna einstaklega vel við jafnt hvít og lituð hreinlætistæki. Nú er í tisku að hafa borðplötur og handklæðaofna í sama lit, og lithafið breikkar sífellt, ekki bara í handklæðaofnum og hreinlætistækjum, heldur líka í innréttingum. Þar má nefna bleikt, blátt, grænt, svart og ljósgrátt. Til dæmis er vinsælt að blanda saman ljósri eik við hvítt og svart, og hafa jafnvel rauða eða græna tóna með. Þetta er gríðarvinsælt í Skandinavíu og í Þýskalandi, sem eru litaglaðari þjóðir en við, en margir eru opnir fyrir breytingum og spennandi að sjá hvernig Íslendingar taka til dæmis við bleikum baðherbergisinnréttingum, sem eru geysilega flottar,“ segir Íris, sem hefur þegar selt mikið af bleikum salernum og handlaugum.

„Bleik og mött gyllt litasamsetning var hæstmóðins á baðherbergjum áratuganna 1950 til 1970 og sást ídulega í kvikmyndum þess tíma. Þetta er virkilega glæstur Hollywood-glamúr og á vafalaust eftir að hitta í mark hjá Íslendingum,“ segir Íris.

Með haustinu koma jafnframt nýmóðins innréttingar í dökkum grunnlitum með rífluðu gleri á skúffufrönum.

„Það er einkar glæsilegt og líka auðvelt að þrifa. Að undanförunu hafa baðinnréttingar í svartmöttu og hvítmöttu líka notið mikilla vinsælda, og þess má geta að Elita hefur komið fram með úrlausnir sem nutu vinsælda á árum áður, eins og þvottakörfur inni í innréttingunum.“



Hér má sjá glæsilega baðinnréttingu úr eik, sem setur afar hlýlegan svip á baðherbergið. Sjáið hvað gyllt blöndunartæki og smáatriði passa því vel.



Bleik og gyllt hreinlætistæki og baðinnréttingar eru það nýjasta og heitasta í innréttingum og tækjum og hafa þegar hitt landsmenn í hjartastað.



Þegar haustar verður litaúrvalið enn ríkulegra á innréttingum og hreinlætistækjum frá Elita, þar á meðan djúprænt, heit-rautt, gyllt og bronslitað.

Hönnun frá Lamborghini

Hjá Innréttingum og tækjum fást rómaðir steinsturtubotnar, handlaugar og klósett frá spænska framleiðandanum Gala.

„Steinsturtubotnarnir líta út eins og ein stór flis með tilbúnum halla. Þeir fást í fimmtán litum og 26 stærðum,“ upplýsir Íris.

Frá ítalska merkinu Globo bjóða Innréttingar og tæki úrval

salerna og hreinlætistækja í sextán litum, svo sem bleiku, bláu, gulu og svörtu, en svarti liturinn hefur notið mikilla vinsælda.

„Við erum einnig með ítalska merkið Fima sem meðal annars framleiðir blöndunartæki í svörtum lit, með 24 karata gullhúðun og margt fleira gullfallett og öðruvísi sem við sjáum ekki mikið af hér á landi. Fima vinnur með mörgum

þekktum hönnuðum, þar á meðal hönnuðum Betron Design sem hanna ítölsku bílana Lamborghini,“ upplýsir Íris.

Náttúrulegir mosaveggir

Hjá Innréttingum og tækjum fást heillandi plöntuveggir sem nú eru áberandi í innanhúshönnun. Þeir setja skemmtilegan svip á hið ylin og færa fegurð náttúrunnar inn.

„Í takt við aukna umhverfisvitund streyma nú spennandi nýjungar í verslunina, þar á meðal fallegar mosaplötur frá Benetti Home. Þær eru úr náttúrulegum mosa, laufum og burkna sem eru allt plöntur sem þrífast vel í röku og dimmu umhverfi. Í réttum aðstæðum þarf lítið sem ekkert að hugsa um mosaplöturnar en ef raki er einstaklega lítill er nóg að úða sérstöku efni sem fæst hjá okkur á nokkurra mánaða fresti,“ útskýrir Íris um mosann, sem er sérræktaður á sjálfbærann hátt í Finnlandi.

„Mosinn er svo meðhöndlaður á Ítalíu þar sem hann er litadur og fleira. Hann fæst í fjölda lita og hægt er að stjórna áferðinni eftir smekk hvers og eins. Plöturnar sjálfar eru vistvænar og búnar til úr léttu áli og umhverfisvænum efnum,“ segir Íris.

Mosaplötur fást í 42x42 cm einingum og má raða saman að vild eða hengja upp stakar.

„Við getum líka látið sérframleiða stóra eða litla gróðurveggi, látið klippa til og búa til listaverk eða lógó fyrirtækja, allt eftir því sem hver og einn vill. Mosaplötur einskorðast ekki við baðherbergi því þær eru líka eftirsóttar til að skreyta hótél og veitingastaði og setja mjög skemmtilegan svip á umhverfið. Svo skemmir ekki fyrir að mosinn er hljóðeinangrandi og bætir því hljóðvist í stórum, opnum rýmum, sem og á baðherbergjum sem eiga það til að bergmála. Hann skapar því einstaklega notalega stemningu hvar sem hann er.“

Það besta við mosaplötur Benetti Home segir Íris að mosinn safni ekki í sig ryki.

„Mosaveggir Benetti Home eru 100 prósent náttúrulegir, safna ekki í sig ryki og laða ekki að skordýr. Auk þess eru þeir ekki eldfimur. Sjálf veit ég fátt ógirnilegra en að sitja undir risastórum, rykfalldi plastplöntuvegg á mat-sölastað, því það er engin leið til að þrifa þá og ég vil síður ryk í matinn. Þess vegna eru náttúrulegir mosaveggir tilvaldir á veitingahús sem vilja færa fegurð náttúrunnar inn í veitingasalinn.“

Innréttingar og tæki eru í Ármúla 31. Sími 588 7332. Sjá nánar á i-t.is.

Fasteignablaðið

23. TBL. 7. JÚNÍ 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM

Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
 FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
 Framkvæmdastjóri,
 lögg. fast., leigumíðlari
 896 5222
 ingolfur@valholl.is



Hildur Harðardóttir
 Lögfræðingur, lögg. fast.,
 skjalagerð.
 897 1339
 hildur@valholl.is



Heiðar Friðjónsson
 Sölustjóri,
 lögg. fast. B.Sc
 693 3356
 heidar@valholl.is

VALHÖLL
 FASTEIGNASALA
 STOFNUN 1995


Snorri Snorrason
 Löggiltur fasteignasali
 895 2115
 snorri@valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
 Löggiltur fasteignasali.
 BA í Stjórnmálfræði.
 862 1110
 hrafnhildur@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson
 Aðstoðarm. fasteignasala
 Snæfellsnesi
 893 4718
 petur@valholl.is



Hólmfríður Björvinsdóttir
 Ritari
 588 4477
 ritari@valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir
 Löggiltur fasteignasali
 Lista og innanhús stílisti
 892 8778
 anna@valholl.is



Sturla Pétursson
 Löggiltur fasteignasali
 899 9083
 sturla@valholl.is



Elin Viðarsdóttir
 Löggiltur fasteignasali
 695 8905
 elin@valholl.is



Jónas H. Jónsson
 Lögg. eignaskipteyfirlýsandi
 Aðstoðarm. fasteignasala
 842 1520
 jonas@valholl.is

 Reykjavík
 Snæfellsbæ
 Höfn Hornafirði

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

BÚUM VEL


Sérhæfð lögfræðiþjónusta
 með áherslu á 60+

 Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála
 eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar
 án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

 Elin Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
 Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

FOLD
 FASTEIGNASALA
 Sími 552 1400

 Espigerði 4 er
 sérstaklega
 vel staðsett
 eign. Íbúðin er
 á fimmtu hæð
 og sérstæði í
 bílageymslunni
 fylgir henni.

Vel staðsett íbúð með frábæru útsýni

 Fold fasteignasala kynnir:
 Espigerði 4, 108 Reykjavík.
 Vel skipulögð 5 herbergja
 116,4 fm íbúð á fimmtu hæð
 í vandaðri lyftublokk með
 frábæru útsýni. Sérstæði í
 bílageymslu fylgir eigninni.

 Eignin skiptist í hol, baðherbergi,
 eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarps-
 stofu, þvottahús, svalir, 2 svefnher-
 bergi, geymslu, 2 svalir og stæði í
 bílageymslu. (Skv. teikningu eru 4
 svefnherbergi og auðvelt að breyta
 íbúðinni aftur í það horf.)

 Komið er inn í hol með fataskáp.
 Samliggjandi borðstofa og sofa en
 frá stofu er útgengt á stórar austur-
 svalir með frábæru útsýni.

 Eldhús er með korki á gólfum
 og fallega ljósa innréttingu, AEG
 helluborð, Simens uppþvottavél,
 Electrolux bakaraofn í vinnuhæð
 og borðkrók.

 Frá sjónvarpsrými (sem er
 tvö svefnherbergi samkvæmt
 teikningu) er útgengt á góðar suð-
 vestursvalir.

 Tvö rúmgóð svefnherbergi. Upp-
 gert baðherbergi með ljósrinn-
 réttingu, sturtuklefa og upphengdu
 salerni. Flísar á gólfi og veggjum.

 Ágætlega rúmgótt þvottahús
 innan íbúðar.

 8 fm sérgeymsla er á jarðhæð
 og sérmerkt stæði í bílakjallara
 hússins.

FOLD
 FASTEIGNASALA
 Sími 552 1400


Frá stofu er útgengt á stórar austursvalir með frábæru útsýni.

 Viðarparket er á öllum gólf-
 flötum íbúðarinnar fyrir utan
 baðherbergi og eldhús.

Sameign er öll til fyrirmyndar.

 Á níundu hæð hússins er salur
 sem íbúar hafa aðgang að til
 veisluhaldar og er hann með frá-
 bæru útsýni. Einnig eru sameigin-
 legar þaksvalir fyrir íbúa hússins.
 Eignin er skráð samkvæmt Þjóð-
 skrá Íslands 5 herbergja, 108,2 fm
 íbúð á fyrstu hæð, 29,4 fm svalir,
 8,2 fm geymsla og stæði í bíla-
 geymslu.

 Opíð hús er miðvikudag 8. júní
 frá kl. 16–17, verið velkominn á 5.
 hæð B. Eignin er ekki sýnd fyrr en
 í opnu húsi. ■

 Nánari upplýsingar hjá Fold fast-
 eignasölu, Sóltúni 20, 105 Reykja-
 vík. fold@fold.is Sími 552 1400 /
 utan skrifstofutíma: Einar 893-
 9132, Guðstaf 895-7205, Hlynur
 s.624-8080, Rögnvaldur s.660-
 3452 og Viðar 694-1401. www.
 fold.is. Við erum á Facebook.

heimili
 fasteignasala
 á traustum grunni

Finnþogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is





Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elin D.
Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Fasteignin Vesturgata 30 ásamt viðbótarbyggingarrétti




Vesturgata 30 er tvílyft timburhús á hlöðnum kjallara. Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur er það talið vera frá árinu 1880 og er því fríðað skv. lögum um menningarmínjar.

Aftan við húsið standa nokkrir timburskúrar byggðir á mismunandi tímum. Skv. gildandi skipulagi er heimilt að rífa alla skúrana, en skemmuna skal endurbyggja í samráði við Minjastofnun. Húsið skal gerast upp í sem upprunalegastri mynd.

Samþykkt hefur verið byggingarleyfi sem felur í sér að endurbyggja núverandi hús á lóðinni ásamt því að byggja þrjár nýjar byggingar. Í núverandi húsi á lóðinni eru fjórar íbúðareiningar. Í fyrirhugðum nýbyggingum er gert ráð fyrir fjórum íbúðareiningum þ.e. einni 3ja herbergja íbúð, einni 2ja herbergja íbúð og tveimur stúdíóíbúðum. Gert er ráð fyrir tveimur atvinnurýmum þ.e. í kjallara einnar nýbyggingarinnar auk þess sem kjallari núverandi húss verður dýpkaður undir atvinnurými. Húsin munu liggja þétt upp að lóðarmörkum til allra átta, þannig að útsvæði verða til á milli húsanna, ásamt svæðum á austur- og vesturluta hennar.

Heildarstærð bygginga verður samtals að birtu flatarmáli 536,3 fermetrar. Lóðin er eignarlóð 498,5 fermetrar að stærð.

Mýrargata 31 – 5 herbergja glæsileg íbúð.



- Glæsileg og vönduð 257,5 fm 5 herb. íbúð á tveimur hæðum í nýlegu og vönduðu húsi við Mýrargötu 31 í Reykjavík.
- Paksvallir með heitum potti útaf efri hæð og svalir til suðurs útaf neðri hæð.
- Eignin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta með mjög vönduðum innréttingum og tækjum. Þrjú baðherbergi eru í íbúðinni og ein gestasnyrtung og eru öll tæki frá Samuel Heath.
- Eldhúsinréttingar eru frá Multiform, hannaðar af Béton Studio, og eru með rafmagnsopnunum á skúffum og skápum. Tæki í eldhúsi eru frá Gaggenau.
- Setustofa er stór og björt. Borðstofa er stór og björt með útgengi á svalir til suðurs. Þrjú svefnherbergi. Gólfhitakerfi er í íbúðinni.
- Paksvallir með lerkiklæddu gólfi og stálhandriði. Stór og nýlegur rafmagnspottur er á svölum.

Árskógar 6. 3ja herbergja íbúð á jarðhæð- verönd til suðvesturs.



- Mjög góð 94,2 fermetra 3ja herbergja íbúð á 1. hæð að meðtöldri 4,8 fermetra sér geymslu geymslu í þessu eftirsóttá húsi fyrir eldri borgara við Árskóga 6-8 í Reykjavík.
- Rúmgóð verönd til suðvesturs.
- Húsið var nýlega viðgert og málað. Mynddyrasímakerfi og neyðarhnappakerfi er í húsinu. Tvær lyftur eru í húsinu nr. 6. Boðið er upp á mikla þjónustu í húsinu. Sameiginlegur matsalur er á jarðhæð og þar er boðið upp á heitan mat í hádeginu. Húsvörður.
- Stofa/borðstofa með gluggum í tvær áttir. Þvottaherbergi innan íbúðar. Tvö rúmgóð svefnherbergi.
- Íbúðin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 66,5 millj.

**Parft þú að stækka eða minnka við þig
en finnur ekki réttu eignina ?**

Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Við leitum að...

- **Leita að sérþýli í Laugarás, fossvogi eða Garðabæ ca 200-250 fm** Þarf að vera 3 góð svefnherbergi, 2 baðherbergi og bjartar rúmgóðar stofur
Nánari upplýsingar veitir **Jórunn** í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is
- **Hæð í Safamýri að stærð 120-150 fm**
Nánari upplýsingar veitir **Jórunn** í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is
- **Sérþýli í Garðabæ að stærð 140-150 fm**
Nánari upplýsingar veitir **Jórunn** í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is
- **Góð íbúð í Sjálandshverfi eða Kársnesi 130-140 fm**
Nánari upplýsingar veitir **Jórunn** í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is
- **Tveggja herbergja íbúð í miðbæ Reykjavíkur**
Nánari upplýsingar veitir **Jórunn** í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is
- **Þriggja herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur**
Nánari upplýsingar veitir **Jórunn** í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is
- **Þriggja til fjögurra herbergja í Urriðaholti**
Nánari upplýsingar veitir **Jórunn** í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is
- **Sérþýli í Mosfellbæ í höfða eða Hlíðahverfi**
Nánari upplýsingar veitir **Óskar S** í síma 691 2312 eða osa@miklaborg.is
- **Tveggja til þriggja herbergja íbúð í Árbæ, Grafarvogi eða Mosfellbæ**
Nánari upplýsingar veitir **Óskar S** í síma 691 2312 eða osa@miklaborg.is
- **Einþýli í Akrahverfi í Garðabæ með möguleg skipti á glæsilegu parhúsi við Löngumýri**
Nánari upplýsingar veitir **Svan** í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is
- **Íbúð í Sjálandshverfi með möguleg skipti á einþýli við Ásbúð í Garðabæ**
Nánari upplýsingar veitir **Svan** í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is
- **Íbúð í Akralandi með möguleg skipti á einþýli í sama hverfi**
Nánari upplýsingar veitir **Svan** í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is
- **Stór íbúð við Naustavör fyrir fjársterkan aðila**
Nánari upplýsingar veitir **Svan** í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is
- **Hæð eða stór íbúð í Hálaleitishverfi eða Hlíðunum með minnst 4 svefnherbergjum**
Nánari upplýsingar veitir **Svan** í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is
- **4ra herbergja með sérinngangi í Grafarvogi eða Grafarholti**
Nánari upplýsingar veitir **Svan** í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is
- **Iðnaðarhúsnæði með innkeyrsluhurð Höfðunum eða nágrenni - stærð frá 100-300 fm**
Nánari upplýsingar veitir **Svan** í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is
- **Óska eftir atvinnuhúsnæði með leigusamningum til kaups**
Nánari upplýsingar veitir **Þróstur** í síma 897 0634 eða throstur@miklaborg.is
- **Óska eftir öllum stærðum og gerðum af atvinnuhúsnæði**
Nánari upplýsingar veitir **Þróstur** í síma 897 0634 eða throstur@miklaborg.is
- **3-4 herbergja íbúð með útsýni á svæðinu kringum Kópavogsgærdi - Kópavogstún eða Lundi í Kópavogi**
Nánari upplýsingar veitir **Friðrik** í síma 616 1313 eða friðrik@miklaborg.is
- **3ja herbergja íbúð á jarðhæð eða með sérinngangi í Reykjavík eða Kópavogi**
Nánari upplýsingar veitir **Friðrik** í síma 616 1313 eða friðrik@miklaborg.is
- **2ja herbergja íbúð í húsi fyrir eldri borgara með aðgengi að þjónustukjarna**
Nánari upplýsingar veitir **Friðrik** í síma 616 1313 eða friðrik@miklaborg.is
- **150 - 200 fm sérþýli sem næst Laugardal í Reykjavík**
Nánari upplýsingar veitir **Friðrik** í síma 616 1313 eða friðrik@miklaborg.is
- **3-4 herbergja íbúð með stórum svöðum og útsýni á Reykjavíkursvæðinu**
Nánari upplýsingar veitir **Friðrik** í síma 616 1313 eða friðrik@miklaborg.is
- **Íbúð eða hæð í 104 eða 105 Rkv með fjórum svefnherbergjum. Má kosta allt að 85 milljónir en ef hún er með útleigumöguleika t.d. á bílskúr þá má eignin kosta allt að 110 milljónir**
Nánari upplýsingar veitir **Elín** í síma 899 3090 eða elin@miklaborg.is
- **Leita að íbúð í 104 Rkv. Með 3 svefnherbergjum en kaupandi er að minnka við sig og skipti koma til greina á hæð með bílskúr í 104 Rkv. Verðmat er 82-85 milljónir á hæðinni**
Nánari upplýsingar veitir **Elín** í síma 899 3090 eða elin@miklaborg.is
- **Einþýli, rað- eða parhús í Garðabæ. Verð: 150-190 millj.**
Nánari upplýsingar veitir **Jason** í síma 775-1515 eða jko@miklaborg.is
- **Fjölbýli í góðum gæðum í Garðabæ. Verð 85-115 millj.**
Nánari upplýsingar veitir **Jason** í síma 775-1515 eða jko@miklaborg.is
- **Vegna mikillar sölu vantar flestar gerðir fasteigna til sölu, fáðu frítt verðmat**
Nánari upplýsingar veitir **Jason** í síma 775-1515 eða jko@miklaborg.is
- **Sumarhús í nágrenni við golfvelli td. Öndverðarnes eða Kíðjabergr á 40 til 80 m.**
Nánari upplýsingar veitir **Jason** í síma 775-1515 eða jko@miklaborg.is
- **Atvinnuhúsnæði með leigusamning. Verðbil 150 til 300 millj.**
Nánari upplýsingar veitir **Jason** í síma 775-1515 eða jko@miklaborg.is
- **3-4ra herbergja íbúð í Sunnasmára Kópavogi fyrir ákveðna kaupendur sem eru að stækka við sig**
Nánari upplýsingar veitir **Þórhllur** í síma 896 8232 eða thorhallur@miklaborg.is
- **2ja herb. í grennd við Háskóla Íslands, t.d. Hagar og Melar.**
Nánari upplýsingar veitir **Þórhllur** í síma 896 8232 eða thorhallur@miklaborg.is
- **Einþýli í Garðabæ**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Íbúðir með skammtíma útleiguheimild**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Tveggja til þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð með séráfnótareit í Grafarvogi**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Íbúð í Bríetartúni 9-11**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Góðu atvinnuhúsnæði með langtíma leigusamningi**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **5 herbergja íbúð eða sérhæð við Fossvoginn**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Sérþýli í Hlíðunum**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Raðhús/parhús Kópavogsmegin við Fossvoginn**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Raðhús með bílskúr í Fossvoginum**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Sérþýli í Smáibúðarhverfinu**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **Íbúðir á höfuðborgarsvæðinu sem þarfnast viðhalds**
Nánari upplýsingar veitir **Kjartan** í síma 663-4392 eða kjartan@miklaborg.is
- **3ja herbergja íbúð í Sjálandshverfi eða Kirkjulundi, ekki á neðstu hæð**
Nánari upplýsingar veitir **Þórunn** í síma 773 6000 thorunn@miklaborg.is
- **Sérþýli í Vesturbænum**
Nánari upplýsingar veitir **Gunnar** í síma 899 5856 eða gunnar@miklaborg.is
- **Hæð í hverfi 105**
Nánari upplýsingar veitir **Gunnar** í síma 899 5856 eða gunnar@miklaborg.is
- **2ja herbergja íbúð í miðbæ Reykjavíkur**
Nánari upplýsingar veitir **Gunnar** í síma 899 5856 eða gunnar@miklaborg.is
- **Raðhúsi í Fossvoginum**
Nánari upplýsingar veitir **Gunnar** í síma 899 5856 eða gunnar@miklaborg.is
- **Hæð í Vesturbænum**
Nánari upplýsingar veitir **Gunnar** í síma 899 5856 eða gunnar@miklaborg.is



PANTID SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma 695 5520



Tunga
801 Gauhverjabær

Jörð á besta stað

- Óviðjafnanlegur fjallahringur, mikið víðsýni og einstök fjara
- Sjóbirtingsá rennur um jörðina.
- Jörðin býður upp á mikla möguleika
- Um 70 km frá Reykjavík
- Möguleikar tengdir ferðaþjónustu sem vert er að skoða en eldri útihús gætu nýst að hluta í slíkt og einnig mætti byggja gístaðstöðu sem var hannað og teiknað upp á sínum tíma.



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Stangarbraut 9

801 Selfoss

Sumarhús 139,1 fm í byggingu inn á golfvelli við Öndverðarnes.

Verð: **74,9 millj.**

- Lokað svæði. (símahlið).
- Húsið er timburhús klætt með Lerki, á steypum sökkli og hita í plötu.
- Golfvöllur og aðgengi að sundlaug á svæðinu.
- Um er ræða 5.000 fm leigulóð með glæsilegu útsýni.

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 695 5520

Rimalönd 2 - lóðir 5 og 6

10x Reykjavík

Stílhreint og vel hannað 101,3 fm sumarhús í landi Böðmódsstaða

Verð: **54,8 millj.**

- Stórir útsýnisluggar eru helstu einkenni hússins og enda er víðsýnt frá húsi.
- Húsið er á 2 hæðum þ.e. 63,1 fm jarðhæð og 38,2 fm kjallari.
- Steyptur sökkull og gólfplöta á jarðhæð og í kjallara m. gólfhita.

Nánari upplýsingar:

s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU

BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Þerneyjarsund 14

801 Grímsnes

70,8 fm Heilsárshús í Hraunborgum ásamt geymslum sem eru óskráð

Verð: **39 millj.**

- Lóðin er 5.000 fm leigulóð, skógi vaxinn.
- Stór sólpallur með heitum potti og skjólgirðingu.
- 4 svefnherbergi, eldhús, 2 baðherbergi, hol og stofa.
- Tvískipt geymsla með þvottaðstöðu og baðherbergi.

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali





HAFIÐ SAMBAND
við Óskar í síma 691 1931

Dalsbraut 2

260 Njardvík - Reykjanesbæ

24 glæsilegar íbúðir í nýju lyftuhúsi á frábærum stað

- Stærðir 70 - 101 fm
- 3ja, 4ra og 5 herbergja
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum
- Glæsilegt útsýni af efri hæðum
- Sérmerkt bílastæði fylgir hverri íbúð



Nánari upplýsingar veitir:

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is



Nánari upplýsingar veitir:

Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is



HAFIÐ SAMBAND
við Jón Rafn í síma 695 5520



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð leigulóða frá: **1,8 millj.**

Eignarlóðir verð frá: **5,2 millj.**

Brókarvatn 2-24

311 Borgarbyggð

Sumarhúsaloðir við Brókarvatn á Mýrum

- Fallett svæði með frábæru útsýni yfir Brókarvatn
- Svæðið einkennist af háum klettaborgum
- Auðveld aðkoma að svæðinu allt árið
